



LANDSBRÉF

# Ársreikningur 2019

Blaðsíðan er vísvitandi höfð auð.

# Efnisyfirlit

---

A-hluti	Bls.
<b>Ársreikningur rekstrarfélagsins</b>	
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	5
Rekstrarreikningur .....	8
Efnahagsreikningur .....	9
Sjóðstremisfirlit .....	10
Skýringar .....	11
Stjórnarháttayfirlýsing.....	21
<b>B-hluti</b>	
<b>Ársreikningur verðbréfasjóða</b>	
Samandreginn ársreikningur .....	26
Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign .....	27
Efnahagsreikningur .....	28
Landsbréf - Sparibréf stutt .....	29
Landsbréf - Sparibréf meðallöng .....	35
Landsbréf - Sparibréf plús .....	41
Landsbréf - Sparibréf verðtryggð .....	47
Landsbréf - Sparibréf óverðtryggð .....	53
Landsbréf - Markaðsbréf .....	59
Landsbréf - Global Equity Fund .....	66
Landsbréf - Nordic 40 .....	72
Landsbréf - LEQ UCITS ETF .....	80
<b>Ársreikningur fjárfestingarsjóða</b>	
Samandreginn ársreikningur .....	87
Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign .....	88
Efnahagsreikningur .....	89
Landsbréf - Veltubréf .....	90
Landsbréf - Markaðsbréf sértryggð .....	97
Landsbréf - Fyrirtækjaskuldabréf .....	104
Landsbréf - Eignadreifing langtíma .....	113
Landsbréf - Eignadreifing virði .....	121
Landsbréf - Eignadreifing vöxtur .....	129
Landsbréf - Einkabréf B .....	137
Landsbréf - Einkabréf C .....	146
Landsbréf - Einkabréf D .....	155
Landsbréf - Úrvalsbréf .....	164
Landsbréf - Öndvegisbréf .....	172
Landsbréf - Global Portfolio .....	180
Landsbréf - Global Multi Assets Fund .....	186

Landsbréf hf.

kt: 691208-0520

Borgartúni 33, 105 Reykjavík

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

## Meginstarfsemi félagsins

Landsréf hf. eru fjármálaþyrtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálaþyrtæki og starfa samkvæmt starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem rekstrarfélag verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða, auk þess að hafa starfsleyfi til eignastýringar og fjárfestingarráðgjafar.

## Eignaraðild og framsetning ársreiknings:

Hluthafar í Landsbréfum hf. eru tveir:	Eignarhluti
Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf., kt. 530407-1790	99,99%
Blámi fjárfestingarfélag ehf., kt. 470301-3920	0,01%

Hluthafar í upphafi og lok árs voru tveir og hafði engin breyting orðið á eignaraðild á árinu. Báðir hluthafar félagsins eru dótturfélög Landsbankans hf., en Landsbankinn hf. er að meirihluta til í eigu íslenska ríkisins, en íslenska ríkið (Bankasýsla ríkisins) á um 98,2% hlutafjár í bankanum. Ársreikningur Landsbréfa hf. skiptist í A og B-hluta. A-hluti hefur að geyma ársreikning félagsins sjálfs, en B-hluti ársreikning verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða sem ekki eru lögaðilar og voru í rekstri félagsins á árinu. Landsréf hf. eru dótturfélag Landsbankans hf. og er A-hluti ársreiknings Landsbréfa hf. hluti af samstæðureikningi Landsbankans hf., en B-hluti hans ekki nema í þeim tilvikum þar sem samstæða Landsbankans hefur yfirráð hlutdeildarskírteina í einstökum sjóðum í skilningi laga um ársreikninga. Framsetning ársreikningsins er í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Félagið starfar sem sjálfstætt fjármálaþyrtæki og er meirihluti stjórnar félagsins óháður Landsbankanum hf.

## Afkoma og helstu atriði í rekstri félagsins á árinu 2019

Rekstur Landsbréfa gekk vel á árinu 2019. Hreinar rekstrartekjur félagsins á árinu 2019 námu tæpum 1.683 milljónum króna, samanborið við tæpar 2.030 milljónir króna á árinu árið 2018. Hagnaður ársins 2019 eftir skatta nam rúnum 489 milljónum króna samkvæmt rekstrarreikningi, samanborið við tæpar 844 milljónir króna á árinu 2018. Meginbreytingin á milli ára helgast af því að vægi árangurstengdra þóknana af rekstri framtakssjóða var mun minna á árinu 2019 en árið áður, en slíkar þóknar geta eðli mál samkvæmt verið mjög breytilegar milli ára.

Eigið fé Landsbréfa hf. í lok ársins 2019 nam rúnum 4.291 milljón króna samkvæmt efnahagsreikningi, en var í lok ársins 2018 rúmar 4.006 milljónir króna. Eiginfjárlutfall félagsins í lok ársins 2019, reiknað samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálaþyrtæki, var 98,27%, en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0% samkvæmt 84. gr. laganna. Þá var eiginfjárgrunnur félagsins í lok ársins 2019 um 410% af föstum rekstrarkostnaði, en hlutfall þetta má ekki vera lægra en 25% samkvæmt sama lagaákvæði.

Stjórn Landsbréfa hf. mun leggja til á næsta aðalfundi félagsins að greiddur verði arður að fjárhæð 250 milljónir króna, en hagnaði félagsins verði að öðru leyti ráðstafað til hækkanar á eigin fé félagsins. Þráttr fyrir mikið umrót á mörkuðum og fyrirsjáanlegan samdrátt í efnahagslifi bæði á Íslandi og erlendis stendur rekstur Landsbréfa traustum fótum. Félagið mun halda áfram að þróa sjóðaframboð sitt í takt við þróun á markaði og eftirspurn frá fjárfestum.

Starfsmenn Landsbréfa hf. voru 18 talsins í lok árs og fjöldi ársverka á árinu var 19 talsins. Heildarfjárhæð launa og launatengdra gjalda á árinu 2019, vegna bæði stjórnar og starfsmanna, nam samtals tæpum 560 milljónum króna, samanborið við tæpar 530 milljónir króna árið áður.

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 11. apríl 2019. Á dagskrá fundarins voru hefðbundin aðalfundarstörf. Tveir nýir stjórnarmenn voru kjörnir í stjórn félagsins, en það voru Magnús Magnússon og Erna Eiríksdóttir. Magnús hafði áður verið í stjórninni sem óháður stjórnarmaður en létt af störfum þegar hann hóf störf hjá Landsbankanum. Erna hafði verið varamaður í stjórn en kom inn í aðalstjórn þegar Magnús létt af störfum. Endurkjörin í stjórnina voru þau Þóranna Jónsdóttir, formaður stjórnar og meðstjórnendurnir Guðmunda Ósk Kristjánsdóttir og Haraldur Flosi Tryggvason. Varamenn voru kjörnir þau Guðjón Valgeir Ragnarsson, sem áður hafði verið í aðalstjórn og Drífa Kristín Sigurðardóttir. Á fundinum var samþykkt að greiddur skyldi 200 milljón króna arður til hluthafa og fór sú greiðsla fram í byrjun maí.

Eignir í stýringu námu rúnum 180 milljörðum króna í lok ársins, samanborið við tæpa 155 milljarða í upphafi árs. Alls voru um 13 þúsund einstaklingar og lögaðilar með fjármuni í sjóðum Landsbréfa. Sjóðum í stýringu félagsins má skipta í fjóra flokka, þ.e. hlutabréfasjóði, skuldbréfasjóði, blandaða sjóði og fagfjárfestasjóði. Fagfjárfestasjóðir sem reknir eru á sjóðaformi eru sýndir í B-hluta ársreikningsins en fagfjárfestasjóðir sem eru á félagaformi eru ekki hluti af reiknings-

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra frh.

## Afkoma og helstu atriði í rekstri félagsins á árinu 2019 (framhald)

skilum Landsbréfa, enda sjálfstæðir lögaöllar. Eignir þeirra eru engu að síður taldar með í framangreindri fjárhæð eigna í stýringu.

## Atburðir eftir reikningsskiladag

Það er ljóst að sjóðir Landsbréfa munu ekki fara varhluta af áhrifum COVID-19 faraldursins. Faraldurinn hefur áhrif á ávöxtun á öllum mörkuðum heimsins og þar af leiðandi geta sveiflur í ávöxtun sjóða Landsbréfa orðið óvenju miklar á árinu 2020. Fjárhagsleg áhrif á rekstur Landsbréfa verða einhver, þar sem búast má við að samdráttur verði í tekjum félagsins á árinu og að ávöxtun eignasafns félagsins geti orðið neikvæð. Félagið stendur eftir sem áður mjög vel og tekjugrundvöllur þess er traustur.

## Stjórnarhættir

Góðir stjórnarhættir skapa trausta umgjörð um samskipti hluthafa, stjórnar félagsins og starfsmanna þess og annarra hagsmunaaðila. Um starfsemi Landsbréfa hf. sem fjármálaþyrirtækis og rekstrarfélags verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu gilda ítarlegar reglur bæði í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum, auk þess sem félagið hefur sett ítarlegar innri reglur um starfsemi sína. Helstu lagaákvæði um starfsemina er að finna í lögum nr. 161/2002, um fjármálaþyrirtæki og lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Stjórnarhættir Landsbréfa hf. taka mið af Leiðbeininngum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland hf. (5. útgáfa maí 2015) og Leiðbeiningum Evrópska Bankaeftirlitsins EBA um innri stjórnarhætti (e. Guidelines on Internal Governance frá 21. mars 2018). Ítarlega lýsingu á stjórnarháttum félagsins er að finna í stjórnarháttayfirlýsingum félagsins sem er birt á eftir skýringum í ársreikningi þessum.

## Áhættustýring og eftirlit

Landsbréf hf. lúta opinberu eftirliti af hálfu Fjármáleftirlitsins samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálstarfsemi. Virk áhættustýring og innra eftirlit eru mikilvægir þættir í rekstri félagsins. Mögulegir áhættuþættir eru greindir með skipulögðum hætti og markvisst unnið að því að treysta alla umgjörð rekstrarfélagsins. Gengið er úr skugga um að rekstur félagsins sé í samræmi við markmið þess og að reikningsskil þess séu í samræmi við þær reglur sem um þau gilda. Stærstur hluti innra eftirlits og áhættustýringar er unnninn innan félagsins sjálfs, en ákveðnum þáttum áhættustýringar, innri endurskoðun og regluvörslu er útvistað með sérstökum samningi til Landsbankans með leyfi Fjármálaeftirlitsins. Reglulegar skýrslur eftirlitseininga eru lagðar fyrir stjórn til skoðunar. Endurskoðendur félagsins eru kosnir á aðalfundi og er Grant Thornton endurskoðun ehf. endurskoðunarfélag Landsbréfa hf.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitnesku stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga. Er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2019, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2019 og breytingum á handbæru fé á árinu.

Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2019 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 25. mars 2020

Í stjórn félagsins:

Jónmundur Óður Kristjánsson  
Magnús Þórður Þórðarson  
Erla Eiríksdóttir  
Máni Þórhildur

Framkvæmdastjóri:

Helen Ásgeirsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa Landsbréfa hf.

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landsbréfa hf. (hér eftir „félagið“) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn er í tveimur hlutum: A-hluti sem er rekstrarfélagið sjálft, og B-hluti, sem er fyrir verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði rekstrarfélagsins. A-hlutinn hefur að geyma skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymsfirlit og skýringar fyrir rekstrarfélagið. B-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign og skýringar fyrir verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði rekstrarfélagsins.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu félagsins á árinu 2019, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga verðbréfa- og fjárfestingarsjóða.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

## Ábending vegna atburða eftir reikningsskiladag

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á umfjöllun í skýrslu stjórnar og í skýringu 17 við ársreikninginn um atburði eftir reikningsskiladag vegna mögulegra áhrifa COVID-19 faraldursins á starfsemi félagsins og sjóði í rekstri þess.

## Grundvöllur að áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda*. Við uppfyllum ákvæði síðareglina endurskoðenda á Íslandi og teljumst því óháð félagini. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Lykilatriði endurskoðunar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins árið 2019. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi áliti á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Eftifarandi atriði teljum við vera lykilatriði við endurskoðun okkar:

### a) Innlausn umsýslubóknana

Við höfum skilgreint innlausn umsýslubóknana sem lykilatriði við endurskoðun ársreiknings Landsbréfa hf. Verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóðir B-hluta Landsbréfa hf. greiða A-hluta umsýslubóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðanna. Landsréf reka einnig fagfjárfestasjóði sem greiða árangurstengdar þóknar sem teljast til umsýslubóknana. Við höfum skilgreint innlausn umsýslubóknana sem lykilatriði við endurskoðunar okkar í ljósi þess að um helsta tekjustreymi félagsins er að ræða auk þess sem innlausn árangurstengdra þóknana er að hluta til byggð á huglægu mati stjórnenda. Sjá nánar í skýringu 2.3 í umfjöllun um mikilvægar reikningsskilaaðferðir.

Framkvæmdar voru prófanir á lykileftirlitsaðgerðum er snúa að innlausn umsýslubóknana. Þær aðgerðir snéru að útreikningum daglegrar þóknar og innra eftirliti með tekjuinnlausn. Við framkvæmdum einnig gagnaendurskoðun á umsýslubóknunum sem fólust í greiningaraðgerðum, yfirferð afstemminga milli A-hluta og B-hluta, yfirferð á forsendum árangurstengdra þóknana og útreikningi þeirra.

# Áritun óháðs endurskoðanda (framhald)

---

## Lykilatriði endurskoðunar (framhald)

### b) Mat og tilvist fjárfestinga sjóða í rekstri Landsbréfa

Fjárfestingar verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóða í B-hluta Landsbréfa hf. samanstanda af framseljanlegum verðbréfum, peningamarkaðsgerningum og innlánum hjá fjármálfyrtækjum. Mat og tilvist fjárfestinga B-hluta teljast lykilatriði við endurskoðun okkar þar sem um stærsta einstaka lið reikningsskilanna er að ræða, mat fjárfestinga kann að ráðast af mati stjórnenda í tilfelli ómarkaðshæfra eigna auk þess sem umsýsluþóknanir í A-hluta Landsbréfa eru reiknaðar daglega sem fast hlutfall af hreinni eign sjóðanna. Sjá nánar í skýringu 2.6 í skýringum A-hluta.

Við endurskoðun okkar staðfestum við tilvist verðbréfa með ytri staðfestingum, fórum yfir verðmatsaðferðir og forsendur stjórnenda í tilfelli ómarkaðshæfra eigna og lögðum mat á eignaflokkun í ársreikningi og skýringum í B-hluta og samkvæmni þeirrar flokkunar við reglur um reikningsskil verðbréf- og fjárfestingsjóða.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga verðbréfa- og fjárfestingsjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningnum með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

## Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé ekki virt.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilalaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

# Áritun óháðs endurskoðanda (framhald)

---

## Ábyrgð endurskoðanda (framhald)

- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á. Við höfum afhent stjórn og endurskoðunarnefnd endurskoðunarskýrslu þar sem gerð er grein fyrir þessum atriðum og er hún í samræmi við áritun þessa.

Við höfum ekki veitt féluginu neina þá þjónustu sem telst óheimilt að veita samhliða endurskoðun í samræmi við lög um endurskoðendur. Við höfum afhent stjórn og endurskoðunarnefnd yfirlýsingu þess efnis að við uppfyllum ákvæði síðareglna er varðar óhæði. Við höfum jafnframt komið á framfærni upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Af þeim atriðum sem við upplýstum stjórn og endurskoðunarnefnd um lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við gerum grein fyrir þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur heimila ekki slíka upplýsingagjöf. Í undantekningartilfellum kunnum við að greina ekki frá slíkum atriðum ef við metum það svo að neikvæðar afleiðingar af slíkri upplýsingagjöf vegi þyngra en hagsmunir almennings af upplýsingunum.

Við vorum kjörnir endurskoðendur félagsins á aðalfundi ársins 2016 og er þetta því fjórða samfelld reikningsárið þar sem við erum endurskoðendur félagsins.

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík 25. mars 2020



Davíð Arnar Einarsson

löggiltur endurskoðandi



J. Sturla Jónsson

löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur 2019

---

	Skyr.	2019	2018
<b>Rekstrartekjur</b>			
Umsýslupóknun og árangurstengdar þóknanir .....		1.399.229	1.910.778
Hreinar fjármunatekjur .....	4	218.710	89.135
Aðrar tekjur .....		64.884	29.792
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>		<u>1.682.823</u>	<u>2.029.704</u>
 <b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	5	559.551	529.718
Annar rekstrarkostnaður .....	6	441.174	389.578
Afskriftir .....	7	70.125	53.000
<b>Rekstrargjöld</b>		<u>1.070.850</u>	<u>972.296</u>
 <b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....		611.973	1.057.409
Tekjuskattur .....	12	( 122.799)	( 213.664)
<b>Hagnaður ársins</b> .....		<u>489.174</u>	<u>843.745</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
<b>Eignir</b>			
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	9	1.904.246	1.937.307
Verðbréf með föstum tekjum .....		22.899	24.877
Langtímakröfur á tengda aðila .....		2.320.372	2.093.633
Viðskiptakröfur á tengda aðila .....		185.403	188.414
Viðskiptavild .....	8	185.500	238.500
Nýtingarréttur leigueignar .....	2.13, 10	40.594	0
Aðrar eignir .....		9.292	5.846
Handbært fé .....		73.992	50.231
	<b>Eignir samtals</b>	<b>4.742.298</b>	<b>4.538.809</b>

	31.12.2019	31.12.2018
<b>Eigið fé</b>		
Hlutafé .....	35.000	35.000
Yfirverðsreikningur .....	1.437.000	1.437.000
Lögbundinn varasjóður .....	8.750	8.750
Bundinn gangvirðsreikningur .....	212.629	82.320
Óráðstafað eigið fé .....	2.597.833	2.443.273
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>12</b>	<b>4.291.212</b>
		4.006.342

<b>Skuldir</b>			
Tekjuskattsskuldbinding .....	12	61.975	70.295
Skattskuld .....	12	130.042	209.648
Skuldir við tengda aðila .....	11	88.414	96.441
Leiguskuld .....	2.13, 10	43.873	0
Aðrar skuldir .....		126.782	156.083
	<b>Skuldir samtals</b>	<b>451.086</b>	<b>532.467</b>

Eigið fé og skuldir samtals 4.742.298 4.538.809

# Sjóðstremisyfirlit 2019

	Skýr.	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður ársins .....	13	489.174	843.745
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjármáli:			
Afskriftir .....	7	70.125	53.000
Gangvirðisbreyting verðbréfa .....		( 196.028)	( 66.830)
Greidd vaxtagjöld .....		1.488	0
Tekjuskattur .....	12	122.799	213.664
<b>Veltufé frá rekstri</b>		<b>487.557</b>	<b>1.043.579</b>
<b>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum</b>			
Langtímakröfur á tengda aðila, breyting .....		( 226.739)	( 717.888)
Viðskiptakröfur á tengda aðila, breyting .....		3.010	( 3.589)
Aðrar eignir, breyting .....		( 3.446)	1.739
Skuldir við tengda aðila, breyting .....		( 8.027)	2.889
Aðrar skuldir, breyting .....		( 238.948)	( 275.588)
<b>Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda</b>		<b>( 474.150)</b>	<b>( 992.437)</b>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>13.408</b>	<b>51.142</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Keptyr verðbréf .....		( 50.500)	( 837.000)
Seld verðbréf .....		281.568	1.233.626
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		<b>231.068</b>	<b>396.626</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Greidd húsaleiga .....		( 20.715)	0
Greiddur arður .....	13	( 200.000)	( 600.000)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		<b>( 220.715)</b>	<b>( 600.000)</b>
<b>Hækjun (lækkun) á handbæru fé .....</b>		<b>23.761</b>	<b>( 152.232)</b>
<b>Handbært fé í upphafi árs .....</b>		<b>50.231</b>	<b>202.463</b>
<b>Handbært fé í lok árs .....</b>		<b>73.992</b>	<b>50.231</b>

# Skýringar

---

## 1. Upplýsingar um félagið

Landsbréf hf. eru íslenskt hlutafélag með starfsemi í Reykjavík. Landsbréf hf. eru rekstrarfélag sem starfar á grundvelli laga um fjármálaþyrtæki nr. 161/2002. Fjármálaeftirlitið (FME) hefur eftirlit með félagini á grundvelli laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Landsbréf hf. annast rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Ársreikningur Landsbréfa hf. skiptist í two hluta, A-hluta og B-hluta. A-hluti nær til rekstrarfélagsins, B-hluti nær til verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða Landsbréfa hf.

Landsbréf hf. eru með starfsstöðvar sínar á Íslandi og fer starfsemi þeirra fram að Borgartúni 33, 105 Reykjavík. Félagið er dótturfélag Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf. sem er í 100% eigu Landsbankans hf. en bankinn hefur aðsetur að Austurstræti 11, 155 Reykjavík.

## 2. Yfirlit yfir helstu reikningsskilaaðferðir

### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn inniheldur A- og B-hluta Landsbréfa hf. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglur FME um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða ásamt reglum FME um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan að undanskildum þeim breytingum sem koma fram í skýringu 2.13 Leigusamningar.

Ársreikningur Landsbréfa hf. A-hluti er hluti af samstæðu Landsbankans hf. Ársreikningur Landsbréfa hf. B-hluti er ekki hluti af samstæðu bankans nema í þeim tilvikum sem samstæða Landsbankans hefur yfirráð hlutdeildarskírteina í einstökum sjóðum í skilningi laga um ársreikninga. Hægt er að nálgast samstæðureikning Landsbankans á vefnum, [www.landsbankinn.is](http://www.landsbankinn.is).

### 2.2 Matsaðferðir

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beiingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og undirliggjandi forsendur stjórnenda eru í stöðugri endurskoðun og eru áhrifin af breytingum á mati og forsendum færð á því tímabili sem breytingin á sér stað og á síðari tímabilum, ef breytingarnar hafa áhrif á þau.

### 2.3 Umsýsluþóknunar

Verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóðir B-hluta Landsbréfa hf. greiða A-hluta Landsbréfa hf. umsýsluþóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðanna svo sem útreikning á innlausnarvirði, reikningshald, þjónustu við fjárfesta, vörlu verðbréfa og umsjón með skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina og stýringu eigna sjóðsins. Auk þess greiða sjóðirnir hlutdeild í beinum útlögðum kostnaði sem ekki er innifalinn í þóknun rekstrarfélagsins svo sem vegna endurskoðunar sjóðanna, kauphallarkostnaðar, fjármálakerfa (annarra en eignastýringarkerfis), áskriftar af verðbréfavísítolum, hugbúnaðar, lögræðikostnaðar og kostnaðar við prentun útboðslýsinga og ársreikninga. Umsýsluþóknunin og kostnaðarhlutdeildin reiknast daglega sem fast hlutfall af hreinni eign viðkomandi sjóðs í þeiri mynt sem hann er í. Landsbréf reka fjárfestingar- og fagfjárfestasjóði sem greiða árangurstengdar þóknar sem teljast til umsýsluþóknana félagsins.

# Skýringar frh.

---

## 2.4 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til miðað við virka vexti. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreknaðar miðað við vísítölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2020. Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir. Fjármagnstekjuskattur vegna arðs af erlendum hlutabréfum er dreginn frá arðstekjunum í rekstrarreikningi. Gengismunur vegna verðbréfa er færður til tekna eða gjalda miðað við síðasta skráða kaupgengi í lok ársins.

Í sjóðum skráðum í íslenskum krónum eru viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum umreknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Í sjóðum skráðum í erlendri mynt er gengið fært yfir í íslenskar krónur í lok ársins samkvæmt opinberu viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

## 2.5 Viðskiptavild

Viðskiptavild er tilkomin vegna kaupa á rekstri sjóða Landsvaka hf. (nú Landsvaki ehf.) þann 22. mars 2012. Kaupverð var ákveðið með tilliti til tveggja óháðra verðmata sem framkvæmd voru fyrir stjórnir félaganna. Viðskiptavildin er afskrifuð á 10 árum.

## 2.6 Fjárfestingar

Verðbréf með föstum eða breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum, virkum og verðmyndandi verðbréfamarkaði eru metin á opinberu gengi í lok ársins. Virði annarra verðbréfa með föstum eða breytanlegum tekjum er háð mati rekstrarfélagsins að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Sértaek niðurfærsla er færð telji rekstrarfélagið þörf á því.

Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar sem skráð eru á skipulegum, virkum og verðmyndandi verðbréfamarkaði eru metin á opinberu gengi í lok ársins. Virði annarra framseljanlegra verðbréfa og peningamarkaðsgerninga er háð mati rekstrarfélagsins að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Sértaek niðurfærsla er færð telji rekstrarfélagið þörf á því.

Hlutdeildarskírteini í sjóðum eru metin samkvæmt því kaupgengi sem gilti á markaðnum í lok ársins.

Innlán hjá lánastofnunum eru uppfærð með áföllnum vöxtum og/eða gengismun í lok ársins.

## 2.7 Afleiður

Einstaka sjóðir hafa heimild til að fjárfesta í afleiðum. Afleiða er samningur þar sem uppgjörsákvæði samningsins byggist á breytingu tiltekins þáttar, svo sem vaxta, gengis gjaldmiðla, verðbréfaverðs eða vísítolu. Virði slíks samnings byggir á þróun þessara undirliggjandi þátta frá samningsdegi til uppgjörsdags. Afleiður eru skráðar í efnahagsreikningi sjóðsins á gangvirði en gangvirði byggir á skráðu markaðsvirði þeirra. Allar breytingar á gangvirði eru færðar undir liðinn gengisbreytingar eigna í rekstrarreikningi sjóðanna. Helstu áhættuþættir í afleiðusamningum sem sjóðirnir eru aðilar að eru vaxta- og markaðsáhætta.

## 2.8 Viðskipta- og langtímakröfur

Viðskipta- og langtímakröfur eru færðar á nafnvirði að teknu tilliti til niðurfærslna vegna líkna á töpuðum kröfum. Um er að ræða kröfur aðallega vegna ógreiddrar umsýslu sjóða í rekstri Landsbréfa hf. í lok ársins.

## 2.9 Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádegnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshlut miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

## 2.10 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

## 2.11 Aðrar skuldir

Aðrar skuldir eru óframkomin viðskipti og viðskiptaskuldir. Aðrar skuldir eru metnar á nafnvirði í lok ársins.

# Skýringar frh.

## 2.12 Skattamál

Skattskuldbinding félagsins er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins. Reiknuð skattskuldbinding vegna frádráttarbærs tímabundins mismunar er færð í samræmi við settar reikningsskilareglur.

Sjóðir B-hluta Landsbréfa hf. eru ekki sjálfstæðir skattaðilar. Ávöxtun hvers sjóðs rennur óskipt til viðkomandi hlutdeildarskírteinishafa og því safnast enginn óúthlutaður hagnaður fyrir í sjóðunum. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði bréfanna við innlausn. Hjá lögaðilum telst hagnaður eða tap af hlutdeildarskírteinum til skattskyldra tekna eða frádráttarbærra gjalda óháð innlausn.

## 2.13 Leigusamningar

Reikningsskilaaðferðir sem beitt er í ársreikningnum eru þær sömu og í ársreikningi félagsins árið 2018, að undanskiliðin innleiðingu á breyttum reglum um meðhöndlun leigusamninga í reikningsskilum frá og með 1. janúar 2019. Félagið hefur beitt afturvirkri aðferð við innleiðingu á reglunum þar sem samanburðarfjárhæðir eru ekki endurreiknaðar. Með þessari aðferð eru samanlöög áhrif við upphaflega innleiðingu færð bókhaldslega yfir á óráðstafað eigið fé í efnahagsreikningi að teknu tilliti til skatta þann 1. janúar 2019.

Leigusamningur sem félagið á aðild að sem leigutaki er rekstrarleigusamningur og er nú bókfærður í efnahagsreikningi undir eignir (Nýtingarréttur leigueignar) og undir skuldri (Leiguskuld). Í upphafi er leiguskuld og nýtingaráttur af eign metin sem núvirði leigugreiðslna (skilgreindar sem óhákvæmilegar greiðslur). Nýtingarréttur af eign er svo afskrifaður með línulegri aðferð á leigutímabilinu og er afskriftin færð í rekstrarreikning á meðal afskrifta. Leiguskuldin er metin sem núvirði framtíðar leigugreiðslna miðað við ávöxtunarkröfu leigusamningsins eða, ef ekki er hægt að ákvarða hana, jaðarfjármögnumarkjör félagsins. Almennt notar félagið jaðarfjármögnumarkjör sín sem afvöxtunarstuðul. Vaxtagjöld leiguskuldarinnar eru færð í rekstrarreikning meðal vaxtagjalfa. Leiguskuldin er metin á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Hún er endurmetin þegar breytingar verða á framtíðarleigugreiðslum vegna breytinga á vísitölu, vöxtum eða gengi, breytinga á umsametri leigugreiðslu og framlengingu á leigusamningi. Þegar leiguskuldin er endurmetin á þennan hátt er samsvarandi breyting gerð á bókfærðu virði nýtingarréttar eigna. Á árinu 2019 hefur félagið fært í reikningsskilum 17,1 m. kr. sem afskrift vegna nýtingarréttar leigueignar og tæp 1,5 m. kr. sem vaxtagjöld af leiguskuldum, en áður var allur kostnaður vegna leigu samstæðunnar færður meðal annars rekstarkostnaðar.

Við upphaf breyttra reglna 1. janúar 2019 er annars vegar færður í reikningsskilum nýtingarréttur eignar að fjárhæð 57,4 m. kr. og hins vegar leiguskuld að fjárhæð 62,8 m. kr. Mismunurinn er færður í reikningsskilum á óráðstafað eigið fé að teknu tilliti til skatta.

Við mat á leiguskuldum voru leigusamningar núvirtir með 3,0% ávöxtunarkröfu 1. janúar 2019.

1.1.2019

Rekstrarleiguskuldbindingar þann 31. desember 2018 .....	63.558
Áhrif af notkun ávöxtunarkröfu .....	( 774)
Leiguskuld staða þann 1. janúar 2019 .....	62.784

## 3. Fjárhagsleg áhættustjórnun félagsins

Virk áhættustýring og innra eftirlit eru mikilvægir þættir í rekstri félagsins. Mögulegir áhættupættir eru greindir með skipulögðum hætti og markvisst unnið að því að treysta alla umgjörð rekstrarfélagsins.

Starfsemi sjóða B-hluta hefur í för með sér margvislega áhættu svo sem áhrif breytinga á gengi fjármálagerninga, erlendra gjaldmiðla, greiðsluhæfi skuldara og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun sjóðanna beinist að aðgerðum til þess að stýra þessum áhættupáttum. Sjóðstjórar sjóðanna leitast við að stýra áhættupáttum meðal annars með virkri stýringu fjármálagerninga þar sem það á við. Nánari upplýsingar um fjárhagslega áhættupætti má finna í útboðslýsingum sjóðanna á vefsíðu félagsins, [www.landsbref.is](http://www.landsbref.is).

# Skýringar frh.

## 4. Hreinar fjármunatekjur

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:	2019	2018
Hreinar tekjur af verðbréfum .....	196.028	66.830
Vaxtatekjur .....	24.234	19.615
Vaxtagjöld .....	( 1.562)	( 91)
Gengishagnaður gjaldmiðla .....	8	2.780
Fjármunatekjur samtals .....	218.710	89.135

## 5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld starfsmanna félagsins greinast þannig:	2019	2018
Laun .....	412.537	390.890
Iðgjöld til lífeyrissjóða .....	64.570	59.895
Launatengd gjöld .....	60.577	58.879
Laun og launatengd gjöld vegna starfsmanna samtals .....	537.684	509.664
Starfsmenn í lok ársins .....	18	20
Fjöldi ársverka .....	19	19

Laun og launatengd gjöld stjórnar félagsins greinast þannig:	2019	2018
Laun .....	17.420	16.180
Iðgjöld til lífeyrissjóða .....	2.071	1.815
Launatengd gjöld .....	2.376	2.060
Laun og launatengd gjöld vegna stjórnar félagsins samtals .....	21.867	20.054
Laun og launatengd gjöld samtals .....	559.551	529.718

Greidd laun og hlunnindi til stjórnar og framkvæmdastjóra 2019 greinast þannig :

	Laun og hlunnindi	Mótframlag í lífeyrissjóð	Samtals
Helgi Þór Arason, framkvæmdastjóri .....	39.468	6.475	45.943
Þóranna Jónsdóttir, stjórnarformaður .....	5.628	760	6.388
Erna Eiríksdóttir, meðstjórnandi .....	2.692	323	3.015
Guðmunda Ósk Kristjánsdóttir, meðstjórnandi .....	2.939	353	3.292
Haraldur Flosi Tryggvason, varaformaður .....	2.897	290	3.187
Magnús Magnússon, meðstjórnandi .....	2.306	231	2.537
Guðjón Valgeir Ragnarsson, fyrrverandi meðstjórnandi .....	959	115	1.074

# Skýringar frh.

## 5. Laun og launatengd gjöld (framhald)

Greidd laun og hlunnindi til stjórnar og framkvæmdastjóra 2018 greinast þannig :

	Laun og hlunnindi	Mótframlag í lífeyrissjóð	Samtals
Helgi Þór Arason, framkvæmdastjóri .....	32.687	5.296	37.983
Þóranna Jónsdóttir, stjórnarformaður .....	5.310	677	5.987
Guðjón Valgeir Ragnarsson, meðstjórnandi* .....	1.100	165	1.265
Guðmunda Ósk Kristjánsdóttir, meðstjórnandi* .....	1.100	165	1.265
Haraldur Flosi Tryggvason, meðstjórnandi .....	1.938	194	2.132
Magnús Magnússon, meðstjórnandi .....	1.938	194	2.132
Kristinn Ingi Lárusson, fyrverandi meðstjórnandi .....	892	89	981
Heiður Agnes Björnsdóttir, fyrverandi meðstjórnandi .....	542	54	596
Sigríður Hrólfssdóttir, fyrverandi stjórnarformaður .....	400	40	440

\*Á tímabilinu 1. janúar til 31. júlí 2018 runnu greiðslur vegna stjórnarsetu og nefndarstarfa fyrverandi og núverandi stjórnarmanna sem eru starfsmenn Landsbankans, til bankans og námu greiðslur vegna þessa 3,4 m. kr.

## 6. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	2019	2018
Greitt til Landsbankans hf. á grundvelli útvistunarsamninga .....	317.330	302.323
Endurskoðun .....	20.775	15.466
Annað .....	103.069	71.789
Annar rekstrarkostnaður samtals .....	441.174	389.578

Á árinu 2018 var bakfærð áður gjaldfærð niðurfærsla undir liðnum annað að fjárhæð 40 m. kr.

## 7. Afskriftir

Afskriftir færðar í rekstrarreikning samanstanda af:	2019	2018
Afskrift viðskiptavildar .....	53.000	53.000
Afskrift leigueignar .....	17.125	0
Afskriftir samtals .....	70.125	53.000

## 8. Viðskiptavild

Viðskiptavild greinist þannig:	2019	2018
Staða í upphafi ársins .....	238.500	291.500
Afskrifað á árinu .....	( 53.000)	( 53.000)
Bókfært verð í lok ársins .....	185.500	238.500
Afskriftarhlutfall .....	10,00%	10,00%

# Skýringar frh.

## 9. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

	31.12.2019		
	Hlutdeildarskríteini	Hlutabréf	Samtals
Innlend skráð:			
Hlutdeildarskríteini sjóða .....	129.294	0	129.294
Innlend óskráð:			
Hlutdeildarskríteini sjóða .....	1.774.902	0	1.774.902
Aðrir fjármálagerningar .....	0	50	50
	1.774.902	50	1.774.952
Verðbréf með breytilegum tekjum samtals .....	1.904.196	50	1.904.246

	31.12.2018		
	Hlutdeildarskríteini	Hlutabréf	Samtals
Innlend skráð:			
Hlutdeildarskríteini sjóða .....	107.496	0	107.496
Innlend óskráð:			
Hlutdeildarskríteini sjóða .....	1.829.762	0	1.829.762
Aðrir fjármálagerningar .....	0	50	50
	1.829.762	50	1.829.812
Verðbréf með breytilegum tekjum samtals .....	1.937.257	50	1.937.307

## 10. Leigusamningar

Þann 1. janúar 2019 innleiddi félagið breyttar reglur um meðhöndlun leigusamninga í reikningsskilum. Félagið beitti afturvirkri aðferð við innleiðingu á reglunum og því eru samanburðarfjárhæðir ekki endurreiknaðar.

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun á nýtingarrétti eigna sem birtur er í efnahagsreikningnum í árslok 2019.

	2019
<b>Leigueign - Nýtingarréttur fasteignar</b>	
Byrjunarstaða 1.1.2019 .....	57.403
Breytingar .....	(1.173)
Verðtrygging .....	1.489
Afskrift .....	(17.125)
Nýtingarréttur samtals .....	40.594

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun á leiguskuldbindingum sem birtar eru í efnahagsreikningnum í árslok 2019. Í skýringu 2.13 er jafnframt greining á núvirtri upphafsstöðu eftirstöðva leiguskulda.

	2019
<b>Leiguskuld</b>	
Byrjunarstaða 1.1.2019 .....	(62.784)
Breytingar .....	1.173
Verðtrygging .....	(1.489)
Vaxtagjöld .....	(1.488)
Leigugreiðslur .....	20.715
Nýtingarréttur samtals .....	(43.873)

# Skýringar frh.

## 11. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar Landsbréfa hf. eru móðurfélag þess, Landsbankinn hf. ásamt systur-, dóttur- og hlutdeildarfélögum þess, sjóðir í rekstri Landsbréfa hf., stjórn Landsbréfa hf., lykilstjórnendur og aðilar þeim tengdir. Viðskiptin við Landsbankann hf. eru í samræmi við þjónustusamning milli bankans og félagsins. Endurgjald fyrir selda þjónustu móðurfélags miðast við stærð sjóða eða fasta fjárhæð.

Félagið var með innlán hjá móðurfélagi sínu á árinu og fékk vaxtatekjur af þeim reikningum í samræmi við eðlilega viðskiptaskilmála.

Nýtingaráttur leigueignar og leiguskuld eru tilkomin vegna leigusamnings við móðurfélagið.

Sjóðir í rekstri Landsbréfa hf. greiða félaginu umsýslubóknun líkt og kveðið er á um í útboðslýsingum einstakra sjóða, auk árangurstengdrar þóknunar í tilfelli fagfjárfestasjóða. Kostnaðarhlutdeild sjóðanna í útlögðum kostnaði telst ekki til viðskipta við tengda aðila í þessu samhengi.

Í rekstrar- og efnahagsreikning hafa verið færð eftirfarandi viðskipti við tengda aðila:

	2019		31.12.2019	
	Tekjur	Gjöld	Eign	Skuld
Landsbankinn hf. ....	2.890	356.794	114.586	122.409
Sjóðir í rekstri Landsbréfa hf. ....	1.616.939	71.291	4.410.022	9.877
2018		31.12.2018		
	Tekjur	Gjöld	Eign	Skuld
Landsbankinn hf. ....	3.592	338.148	50.231	73.241
Sjóðir í rekstri Landsbréfa hf. ....	1.989.832	23.200	4.219.355	23.200

## 12. Skattar

Reiknaður tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi greinist þannig:

	2019	2018
Breyting á skattskuldbindingu .....	( 8.320)	4.016
Áhrif innleiðingar IFRS 16 þann 1. janúar 2019 .....	1.076	0
Tekjuskattur til greiðslu .....	130.042	207.421
Sérstakur fjársýsluskattur, 6% á skattstofn umfram 1 milljarð kr. ....	0	2.226
Reiknaðir skattar samkvæmt rekstrarreikningi .....	122.799	213.664

Skattskuldbinding greinist þannig:

	2019	2018
Skattskuldbinding í upphafi árs .....	( 70.295)	( 66.279)
Áhrif innleiðingar IFRS 16 þann 1. janúar 2019 .....	1.076	0
Reiknaður skattur ársins .....	( 122.799)	( 213.664)
Tekjuskattur til greiðslu .....	130.042	207.421
Sérstakur fjársýsluskattur, 6% á skattstofn umfram 1 milljarð kr. ....	0	2.226
Skattskuldbinding í lok ársins .....	( 61.975)	( 70.295)

# Skýringar frh.

## 12. Skattar (framhald)

Skattskuldbinding skiptist þannig á milli liða:	2019	2018
Viðskiptakröfur .....	( 25.133)	( 22.860)
Viðskiptavild .....	( 37.100)	( 47.700)
Frestaður gengismunur .....	( 186)	( 325)
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	445	590
Skattskuld .....	( 61.975)	( 70.295)

Skattskuld skiptist þannig á milli liða:	2019	2018
Sérstakur fjársýsluskattur .....	0	2.226
Reiknaður tekjuskattur ársins .....	130.042	207.421
Skattskuld í lok árs .....	130.042	209.648

## 13. Eigið fé

Heildarhlutafé félagsins nam í lok ársins 35 m. kr. samkvæmt samþykktum félagsins. Hver hlutur er ein króna að nafnverði og fylgir eitt atkvæði hverjum hlut í féluginu.

Lög um ársreikninga nr. 3/2006 með áórðnum breytingum kveða m.a. á um að óráðstöfuðu eigin fé sé skipt í tvennt: bundið og óbundið óráðstafað eigið fé.

Óbundið óráðstafað eigið fé samanstendur af óúthlutuðum hagnaði og tapi sem hefur safnast upp hjá féluginu, að frádregnum framlögum í lögbundinn varasjóð og bundnu óráðstöfuðu eigin fé.

Bundið óráðstafað eigið fé er vegna gangvirðisbreytinga fjáreigna sem tilgreindar eru á gangvirði gegnum rekstrarrekning. Félagið færir gangvirðisbreytingar vegna fjáreigna tilgreindra á gangvirði gegnum rekstrarrekning, af óbundnu óráðstöfuðu eigin fé á bundinn reikning meðal eigin fjár. Fjárhæðir sem færðar hafa verið á bundna reikninginn eru færðar til baka á óráðstafað eigið fé við sölu fjáreignarinnar.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

	Bundinn					
	Hlutafé	Yfirverð	Lögbundinn	gangvirðis-	Óráðstafað	Samtals
			varasjóður	reikningur	eigið fé	
Eigið fé 31.12.2018 .....	35.000	1.437.000	8.750	82.320	2.443.272	4.006.342
Áhrif innleiðingar IFRS 16 þann						
1. janúar 2019 .....					( 4.304)	( 4.304)
Eigið fé 1.1.2019 .....	35.000	1.437.000	8.750	82.320	2.438.968	4.002.038
Hagnaður ársins .....					489.174	489.174
Breyting á gangvirðisreikningi .....				130.309	( 130.309)	0
Greiddur arður .....					( 200.000)	( 200.000)
Eigið fé 31.12.2019 .....	35.000	1.437.000	8.750	212.629	2.597.833	4.291.212
Eigið fé 1.1.2018 .....	35.000	1.437.000	8.750	3.190	2.278.658	3.762.597
Hagnaður ársins .....					843.745	843.745
Breyting á gangvirðisreikningi .....				79.130	( 79.130)	0
Greiddur arður .....					( 600.000)	( 600.000)
Eigið fé 31.12.2018 .....	35.000	1.437.000	8.750	82.320	2.443.272	4.006.342

# Skýringar frh.

## 14. Eiginfjárhlfutfall

Eiginfjárhlfutfall rekstrarfélagsins, sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, er 98,27% en lágmarks eiginfjárhlfutfall samkvæmt lögum er 8,0%. Eiginfjárhlfutfallið reiknast þannig:

	31.12.2019	31.12.2018
Eiginfjárgrunnur:		
Hlutafé .....	35.000	35.000
Yfirverðsreikningur .....	1.437.000	1.437.000
Lögbundinn varasjóður .....	8.750	8.750
Bundinn gangvirðisreikningur .....	212.629	82.320
Óráðstafað eigið fé .....	2.597.833	2.443.273
Eigið fé .....	4.291.212	4.006.342
Viðskiptavild .....	( 185.500)	( 238.500)
Eigið fé þáttar 1 .....	4.105.712	3.767.842
Eiginfjárgrunnur .....	4.105.712	3.767.842

Heildar eiginfjárkrafa greinist á eftirfarandi hátt:

Útlánaáhætta .....	329.506	311.730
Markaðsáhætta .....	4.729	3.331
Rekstraráhætta .....	-	-
Eiginfjárkrafa samtals .....	334.235	315.061
Eiginfjárkrafa miðað við fastan rekstrarkostnað .....	250.181	229.824
Eiginfjárhlfutfall í samræmi við ákvæði laga um eiginfjárhlfutfall .....	98,27%	95,67%

Samkvæmt 84. gr. d laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki skal eiginfjárgrunnur rekstrarfélaga verðbréfasjóða aldrei nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði síðasta reikningsárs. Eiginfjárgrunnur Landsbréfa var í lok tímabilsins 410% af föstum rekstrarkostnaði síðasta árs.

### Útlánaáhætta

Eiginfjárkrafa vegna útlánaáhætta reiknast af fjáreignum félagsins í lok ársins.

### Markaðsáhætta

Gjaldeyrisáhætta reiknast af handbæru fé, viðskiptakröfum og viðskiptaskuldum í erlendum gjaldmiðlum.

### Rekstraráhætta

Samkvæmt 3. mgr. 84. gr. e laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki ber að undanskilja áhættugrunn vegna rekstraráhætta við útreikning á eiginfjákröfu rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Eftirlit með rekstraráhætta er liður í almennri áhættustýringu félagsins.

# Skýringar frh.

## 15. Vogunarhlutfall

Vogunarhlutfall rekstrarfélagsins, sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 30. gr. a laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, er 90,10% en lágmarks vogunarhlutfall samkvæmt lögum er 3,0%.

Vogunarhlutfallið reiknast þannig:	31.12.2019	31.12.2018
Eigið fé þáttar 1 .....	4.105.712	3.767.842
Áhættuskuldbindingar		
- Liðir innan efnahags (afleiður undanskildar) .....	4.742.298	4.538.809
- Lögbundnr frádráttarliðir eigin fjár þáttar 1 .....	( 185.500)	( 238.500)
Heildaráhættuskuldbindingar .....	<u>4.556.798</u>	<u>4.300.309</u>
Vogunarhlutfall .....	90,10%	87,62%

## 16. Aðrar upplýsingar

### Eignir í stýringu

Eignir í stýringu voru um 180 milljarðar króna í lok árs 2019 samanborið við 155 milljarða króna í upphafi árs. Eignir í stýringu hafa því hækkað um 25 milljarða króna eða um 16% á árinu. Alls voru um 13.000 viðskiptavinir með eignir í stýringu hjá félaginu.

## 17. Atburðir eftir reikningsskiladag

Í mars 2020 fóru áhrif faraldurs vegna COVID-19 veirunnar að gæta í rekstrarumhverfi félagsins. Það er ljóst að sjóðir Landsbréfa munu ekki fara varhluta af áhrifum faraldursins. Faraldurinn hefur áhrif á ávöxtun á öllum mörkuðum heimsins og þar af leiðandi geta sveiflur á ávöxtun sjóða Landsbréfa orðið óvenju miklar á árinu 2020. Fjárhagsleg áhrif á rekstur Landsbréfa eru takmörkuð, þó búast megi við að einhver samdráttur verði á tekjum félagsins á árinu og ávöxtun á þess hluta eigin fjár sem fjárfest er í sjóðum Landsbréfa gæti orðið neikvæð.

# Stjórnarháttayfirlýsing Landsbréfa

---

Landsbréf hf., kt. 691208-0520 eru sjálfstætt fjármálafyrirtæki sem hefur starfsleyfi rekstrarfélags verðbréfasjóða, fjárfestingasjóða og fagfjárfestasjóða samkvæmt 7. tölul. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Félagið hefur jafnframt leyfi til eignastýringar og fjárfestingarráðgjafar, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 27. gr. sömu laga. Rekstri sjóða Landsbréfa er hagað í samræmi við lög nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Skrifstofa félagsins er að Borgartúni 33 í Reykjavík.

Þessi stjórnarháttayfirlýsing Landsbréfa hf. hefur að geyma lýsingu á stjórnarháttum félagsins. Markmið yfirlýsingarinnar er að stuðla að því að stjórnarhættir séu opinberir og með því lagður grunnur að gegnsæi í samskiptum milli félagsins, stjórnar þess, hluthafa og viðskiptavina. Landsbréf leggja áherslu á að viðskiptavinir, einkum þeir sem fjárfesta í sjóðum og félögum í stýringu hjá Landsbréfum, geti með einföldum hætti kynnt sér stjórnarhætti félagsins. Stjórnarháttayfirlýsingin er birt með vísan til 7. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sbr. 20. gr. laga nr. 57/2015 og á grundvelli 66. gr. c laga nr. 3/2006, um ársreikninga, sbr. 1. gr. laga nr. 118/2011. Við framsetningu yfirlýsingarinnar er höfð hliðsjón af Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland hf. (5. útgáfa frá maí 2015 sem m.a. er birt á vefsíðunni <http://www.leidbeiningar.is>).

Stjórnarháttayfirlýsing Landsbréfa er birt á heimasíðu félagsins [www.landsbref.is](http://www.landsbref.is), auk þess að vera birt með ársreikningi félagsins. Ákveðin frávik eru frá leiðbeiningunum að því er varðar boðun og auglýsingu hluthafafunda, þ.m.t. aðalfunda, sem fyrst og fremst helgast af því að hluthafar eru aðeins tveir og báðir í samstæðu Landsbankans. Með sama hætti eru framboð til stjórnar ekki kynnt sérstaklega á heimasíðu félagsins.

Landsbréf leggja áherslu á vandaða stjórnarhætti og telja þá nauðsynlega umgjörð fyrir heilbrigðan og traustan rekstur fyrirtækisins til frambúðar. Landsbréf vinna stöðugt að því að treysta umgjörð stjórnarháttar sinna og uppfæra í því skyni reglulega allt regluverk og ferla félagsins.

Landsbréf eru dótturfélag Landsbankans í gegnum Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf. og Bláma fjárfestingarfélag ehf. Landsbréf eru sjálfstætt fjármálafyrirtæki. Tiltaknum verkefnum hefur verið útvistað til Landsbankans samkvæmt sérstökum útvistunarsamningum sem Fjármálaeftirlitið hefur samþykkt. Reikningsskil Landsbréfa eru þannig unnin af Landsbankanum samkvæmt sérstökum útvistunarsamningi. Landsbankinn er jafnframt vörlufyrirtæki sjóða í rekstri Landsbréfa, sbr. II. kafla C laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Ytri endurskoðun er framkvæmd af Grant Thornton endurskoðun ehf.

